



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna og
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 29. janúar 2019
1811034SA VRH
Málalykill: 00.03

Efni: Boðun XXXIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga

Samkvæmt 7. gr. samþykktar Sambands íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXXIII. landsþings sambandsins föstudaginn 29. mars nk.

Landsþingið verður að þessu sinni haldið í Grand hóteli í Reykjavík og hefst það kl. 10 að morgni og stefnt er að því að þingstörfum ljúki um kl. 15:45 síðdegis. Að þinginu loknu hefst aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. á sama stað kl. 16:00, en þar eiga allir sveitarstjórnarmenn seturétt. Að loknum aðalfundi lánasjóðsins býður sjóðurinn til móttöku í Grand hóteli. Til aðalfundar lánasjóðsins verður boðað með sérstöku bréfi frá sjóðnum.

Meginumræðuefni landsþingsins verða þessi:

1. Samgöngumál
2. Húsnæðismál
3. Kjarasamningar

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykktar sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 8. mars 2019.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi í mars með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri